

# Námsgrein: Danska, 10. bekkur

Tímafjöldi á viku: 2 klukkustundir.

Kennarar: Áslaug Guðfinna og Guðrún Sædís

## Kennsluaðferðir og skipulag:

Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Unnið er samkvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nemandi ber ábyrgð á sínu eigin námi. Áhersla er á að efla hæfni í dönsku; æfa lestur, talað mál, samskipti á dönsku og ritun.

## Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar. Áhersla er lögð á:
Læsi	að virkja læsi nemenda í gegnum áhugasvið þeirra. Einnig er áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	að kenna nemendum að nota viðeigandi hjálpargögn, orðabækur, villupúka og svo framvegis.
Heilbrigði og velferð	að byggja upp og auka sjálfstraust nemenda til í að koma fram og skila eigin verkum.
Lýðræði og mannréttindi	að vera með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	að nemendur, út frá eigin forsendum, hafi jöfn tækifæri til náms og nálgunar viðfangsefna.
Sköpun	að hvetja nemendur til sköpunar í gegnum ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.

## Námsefni:

- EKKO A les- og vinnubók valdar blaðsíður.
- A Grammatik.
- Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom.
- Danskar myndir og þættir, efni af netinu og fleira.
- Ordbombe, spil og verkefni af netinu. Einnig kennsluvefurinn mms.is.

Dönskukennsla í 8.-10. bekk í Borgarhólsskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á öðru og þriðja stigi. Við lok grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið 3. stigi í dönsku. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist danskan í eftirfarandi þætti: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlesi og námshæfni.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/ markmið
<b>Hlustun</b>	Nemandi getur: - tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. - án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. - hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.
<b>Lesskilningur</b>	Nemandi getur: - lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum. - aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir

	<p>helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.</li> <li>- lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismun</li> </ul>
<b>Samskipti</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.</li> <li>- tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.</li> <li>- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.</li> </ul>
<b>Frásögn</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.</li> <li>- tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjanda og orðaval.</li> <li>- samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>
<b>Ritun</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.</li> <li>- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.</li> <li>- skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.</li> <li>- tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</li> </ul>
<b>Menningarläsi</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.</li> <li>- sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.</li> <li>- getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.</li> </ul>
<b>Námshæfni</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.</li> <li>- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.</li> <li>- beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.</li> <li>- nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.</li> <li>- nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Símat.</li> <li>-Hlustungarverkefni.</li> <li>-Orðaforðakannanir.</li> <li>-Lesskilningverkefni.</li> <li>-Ýmis verkefni frá kennurum.</li> <li>-Virgni og þátttaka í tímum.</li> </ul>